

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2021
UST202104-150/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - jarðstrengur - Mjólká – Bíldudalur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu jarðstrengs frá Mjólkárviðkjum meðfram þjóðvegi að landtaki við Auðkúlubót. Þaðan verður lagður sæstrengur á botn Arnarfjarðar að Haganesi þaðan sem jarðstrengur verður lagður að nýju tengivirki við þéttbýlið á Bíldudal.


Fram kemur í greinargerð að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar geta orðið þar sem strengurinn er lagður um votlendi og vistgerðir sem hafa hátt verndargildi. Annars verður strengurinn að mestu lagður með núverandi vegum og tengjast því röskuðum svæðum sem fylgir slíkum mannvirkjum. Um er að ræða strenglagn á fremur stuttum köflum á viðkvæmum svæðum, en unnt á að vera að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar ef unnt verður að sleppa slóðagerð á viðkvæmustu stöðum og jafnframt velja verktíma þegar land er þurrast og varp er ekki yfirstandandi. Fyrri framkvæmdir af þessu tagi hafa sýnt að unnt er að draga verulega úr neikvæðum áhrifum með góðri umgengi og frágangi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Leita þarf samþykkis Umhverfisstofnunar vegna lagningar sæstrengs í Arnarfirði skv. reglugerð nr. 600/2018. Enn fremur er bent á að ef af stofnun áformaðs þjóðgarðs á Vestfjörðum verður sumarið 2021 þá mun lagning jarðstrengs frá Mjólká að landtaki í Auðkúlubót verða að hluta innan marka þjóðgarðs og því leyfisskyld.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Edda Kristín Eiríksdóttir
Sérfræðingur